

AGVA Norðurland ehf
Guðmundur Valur Stefánsson
Laufásvegi 63
101 Reykjavík

2000100048
6400; 9310

Reykjavík, 6. desember 2000
/--

Efni: Sjúkvíaeldi á laxi við Brimnes í Eyjafirði. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis AGVA Norðurland ehf. dags. 12. október 2000 og viðbótargagna dags. 2. nóvember 2000, þar sem óskað er eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort fyrirhugað sjúkvíaeldi á laxi út af Brimnesi, Dalvíkurbyggð skuli háð mati á umhverfisáhrifum sbr. 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og g-lið 1. t.l. 2. viðauka sömu laga.

Skipulagsstofnun leitaði álits Dalvíkurbyggðar, Hafrannsóknastofnunarinnar, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra. Þá var Veiðifélagi Svarfdæla, Veiðifélagi Hörgár og Veiðifélagi Fnjóskár kynnt að framkvæmdin væri til ákvörðunar um matsskyldu hjá Skipulagsstofnun. Álit bárust frá Dalvíkurbyggð með bréfi dags. 1. desember 2000, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 20. nóvember 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 27. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 22. nóvember 2000 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 20. nóvember 2000. Frekari upplýsingar og svör við álitum bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 5. desember 2000.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Í framlögðum gögnum AGVA Norðurland ehf. kemur fram að ráðgert er að framleiða um 3600 tonn af eldislaxi á ári af íslenskum laxastofni af norskum uppruna, sem notaður hafi verið í eldi hér á landi í yfir 7 kynslóðir. Smálaxar til sleppingar í sjókvíar komi frá fyrirhugaðri landeldisstöð fyrirtækisins á Hauganesi við Eyjafjörð. Gert sé ráð fyrir heilsárseldi og að eldisfiskur verði í kvíunum allt árið.

Fyrirhugað er að staðsetja eldiskvíar á einum stað í 1.000 - 1.150 m fjarlægð frá landi austur af Brimnesi í Eyjafirði þar sem sjávardýpi sé 80 - 100 m. Gert er ráð fyrir að nota einn pramma með að hámarki 12 kvíum, 25 m x 25 m hver með veggdýpi nótar

15 m og miðjudýpi 22 m. Kvíarnar verði festar við hafsbotn og hugsanlega til lands, með taugum. Gert er ráð fyrir að fódurgeymslur verði um borð í prammanum og sjálfvirkur fódrunarbúnaður. Slátrun muni fara fram í fiskvinnsluhúsi á Eyjafjarðarsvæðinu.

Að mati framkvæmdaraðila er ekki fyrir séð að framkvæmdin hafi í för með sér losun úrgangs í loft eða í jarðveg. Einungis sé um að ræða losun lífræns úrgangs og fódurafgangna frá eldisfiski í sjó sem geti haft mengandi áhrif ef dreifing úrgangsefna verði ekki nægjanleg til að umhverfið geti unnið úr þeim. Þá kemur fram að hætta geti verið á að dreifing úrgangsefna verði ekki nægileg þannig að álag myndist á tilteknu svæði í umhverfinu og er því gert ráð fyrir að dýpi undir kvíum verði sem mest og straumur sem sterkastur og mögulegt að færa kvíabyrpinguna til og hvíla þannig tiltekin svæði. Nauðsynlegt verði að taka reglulega botnsýni undir kvíunum til að fylgjast með þróun botnvistkerfis og taka sýni úr sjónum til að mæla þörunga, köfnunarefni og fosfór. Fram kemur að fyrir liggi upplýsingar um sjávarstrauma í Eyjafirði. Úrgangur frá slátruhúsi verði meðhöndlaður með svipuðum hætti og almennt gerist með úrgang frá starfsstöð fiskiðjuvera.

Framkvæmdaraðili telur framkvæmdasvæðið flokkast sem síður viðkvæmt svæði samkvæmt skilgreiningu í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Gerð er lausleg grein fyrir lífríki fjarðarins. Reiknað er með 5-15 % aukningu í fosfór og köfnunarefni og greint frá því að það sé líffræðilega viðurkennt að aukning í slíkum efnum upp að vissu marki sé jákvæð fyrir lífríkið. Lausleg grein er gerð fyrir fuglalífi fjarðarins og ekki talið að kvíaeldið hafi áhrif á það.

Framkvæmdaraðili greinir frá því að öll seiði verði bólusett fyrir bakteríusjúkdómum skv. ráðleggingum fisksjúkdómaeftirlits. Eldisstofninn sé laus við veirusýkingar eins og IPN og ISA og ekki reiknað með að fiskur sýkist en ekki hægt að útiloka slíkt í undantekningartilvikum. Laxalús sé hverfandi vandamál þegar hitastig sé undir 10 gráðum. Ef svo ólíklega vilji til að eldislax smitist af laxalús muni verða brugðist við með böðun og lyfjagjöf.

Framkvæmdaraðili upplýsir að fjarlægð frá fyrirhugaðri staðsetningu sjókvía í næstu laxveiðiár sé tæplega 10 km að ósum Fnjóskár, 8 km að ósum Svarfaðardalsár, rúmlega 16 km að Hörgá og u.þ.b. 32 km að Eyjafjarðará. Fram kemur að laxagengd sé óveruleg í ár á Eyjafjarðarsvæðinu, einungis ein á hafi yfir 100 laxa meðalveiði síðastliðin 10 ár. Enginn eða minna en 0,1% laxa sleppi og muni það að öllum líkindum ekki hafa áhrif á laxastofna á Eyjafjarðarsvæðinu. Ef svo ólíklega vildi til að eldisfiskur leiti upp í á sé ekki hægt að fullyrða hvort áhrif verði neikvæð eða ekki. Framkvæmdaraðili telur ekki lagaskilyrði fyrir því að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Bæjarráð Dalvíkurbyggðar telur í umsögn sinni að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Náttúruvernd ríkisins telur að vegna hættu á erfðablöndun, mengun, dreifingu sjúkdóma og sníkjudýra og meira álagi á búsvæði villtra laxa vegna flökkulaxa sem sleppa úr kvíum skuli meta umhverfisáhrif sjókvíaeldis með norskan eldislax í Eyjafirði á vegum AGVA Norðurlands ehf. Náttúruvernd ríkisins ítrekar fyrra álit sitt um að meta eigi umhverfisáhrif sjókvíaeldis í Mjóafirði, Berufirði, Reyðarfirði, Eyjafirði og seiðaeldis í Eyjafirði. Ekkert nýtt hafi komið fram sem hafi breytt skoðun stofnunarinnar. Vakin er athygli á því að íslensk stjórnvöld, sem fara með þennan málaflokk, hafi ekki mótað stefnu hvað varðar notkun erlendra laxastofna í sjókvíaeldi við strendur landsins. Náttúruvernd ríkisins bendir á að svo virðist sem enn frekari staðfesting sé að fást fyrir því að fara verði með ýrtruðu gát í umgengni við villta laxastofna þar sem Bandaríkjamenn hafi sett laxastofna á Austurströnd landsins á válista. Ennfremur kemur fram að stofnunin hafi ekki séð nein þau gögn sem sýni að sjókvíaeldi í stórum stíl hafi ekki haft neikvæð áhrif á villta laxastofna bæði í Noregi og Skotlandi svo dæmi séu tekin.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fiskeldi í sjó sé kennt um að villtir laxastofnar við austurströnd Bandaríkjanna hafi verið settir á válista. Bent er á að ástand villta íslenska laxsins sé nú svo bágborið að setja mætti hann á válista vegna útrýmingarhættu þrátt fyrir að nánast ekkert fiskeldi sé í sjó við Íslandsströnd.

Erfðafræðileg og sjúkdómstengd áhrif og áhrif af völdum sníkjudýra

Í umsögn veiðimálastjóra er bent á verulega hagsmuni í veiðimálum í Eyjafirði. Fnjóská, með 240 laxa meðalveiði á ári, sé í um 10 km fjarlægð frá fyrirhuguðum eldisstað. Í næsta nágrenni séu einnig Svarfaðardalsá, Hörgá og Eyjafjarðará, sem séu mikilvægar bleikjuár, með samanlagða árlega meðalveiði upp á 4500 fiska. Bent er á að ef lax sleppur úr fyrirhuguðu eldi gætu áhrif þess á nærliggjandi ár verið sjúkdómstengd og nauðsynlegt sé að meta slík áhrif áður en eldi er heimilað. Mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis við Brimnes eigi ótvírætt að fara fram.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er bent á að ekki hafi farið fram úttekt á hugsanlegum afleiðingum stóraukins sjókvíaeldis á erfðablöndun og sjúkdóma í villtum laxastofnum.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er bent á að ef nætur í kvíum rifni sleppi lax af norskum uppruna í sjó og þegar laxinn verði kynþroska leiti hann upp í ár. Umræddur laxastofn verði kynþroska mjög seint og nái því ekki að verða kynþroska á venjulegum eldisferli. Þannig muni lax sem sleppur úr kví ekki leita upp í straumvatn sama ár og hann sleppur. Hann verði því að leita sér fæðu í hafinu þar til kynþroska hefur verið náð eftir 1-3 ár. Á þessum tíma megi búast við miklum afföllum og ekki sé líklegt að allir eftirlifandi fiskar finni leið heim að kví þegar kynþroska hefur verið náð eða rati í nærliggjandi ár. Líkur á skaðlegri erfðablöndun verði því að teljast litlar. Bent er á í þessu sambandi að skv. reglugerð um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna skuli vegalengd milli sjókvíastöðvar og laxveiðiár með 100-500 laxa meðalveiði sl. 10 ár vera 5 km. Næsta laxveiðiá, Fnjóská með 210 laxa ársmeðalveiði sé í 10 km fjarlægð frá fyrirhuguðu kvíaeldi og Eyjafjarðará með 24 laxa ársmeðalveiði sé í 32 km fjarlægð. Mjög fáir laxar veiðast í

öðrum ám í Eyjafirði.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er bent að oft hafi gengið illa að hafa hemil á laxalús í laxeldi í nágrannalöndunum og því hafi verið haldið fram að laxalús hafi borist frá eldisfiski í villta laxfiskastofna og valdið tjóni, m.a. á Írlandi. Á köldum hafsvæðum svo sem í Norður Noregi og við Ísland hafi laxalús ekki verið vandamál. Góðar silungsár séu í Eyjafirði og æskilegt væri að fylgjast náið með tíðni laxalúsar á eldislaxi og villtum silungi í firðinum fyrir og eftir að starfsemi hæfist.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum kemur fram að aðalforsenda krafna um mat á umhverfisáhrifum byggja á rökum sem ekki séu efnislegar forsendur fyrir s.s. ef lax sleppi, sýkist, laxalús magnist og ef umhverfið mengist þá verði hugsanleg áhrif. Ekki sé hægt að byggja mat á umhverfisáhrifum á forsendum sem hugsanlega geti orðið og þá hugsanlega leitt til áhrifa heldur verði að byggja á því að matsferlið sé til þess fallið að leiða betur í ljós hættur fyrir umhverfið af þeirri starfsemi sem um ræðir. Umsagnaraðilar hafi ekki lagt fram hugmyndir um hvernig umrætt mat á umhverfisáhrifum ætti að fara fram til að hægt verði að svara þeim spurningum sem málið snýst um s.s. hvernig meta eigi áhrif erfðablöndunar eldislax við villtan lax. Þrátt fyrir 20 ára rannsóknir í fiskeldi hjá nágrannaþjóðum okkar hafi ekki tekist að sýna fram á áhrif. Af umsögnum að dæma þyrfti slíkt mat að fela í sér sleppingar á löxum í umtalsverðum mæli á hverju ári og ekki væri hægt að búast við niðurstöðu fyrir en eftir 20 til 50 ár. Það er eindregin skoðun AGVA Norðurland ehf að mun færri laxar muni sleppa úr kvíum en sá fjöldi sem þyrfti að sleppa í umræddri tilraun til að niðurstaða gæti mælst.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum er lögð áhersla á að hverfandi líkur séu á því að lax sleppi í þeim mæli að um áhrif geti orðið að ræða. Ennfremur sé tölfræðilega nánast óhugsandi að lax sem sleppi sé einnig sjúkur. Sjúkdómar í kvíum uppgötvist venjulega eftir að örfáir laxar sýna einkenni og sé þá strax gripið til viðeigandi ráðstafana. Minnt er á að laxinn verði frískur og bólusettur fyrir flestum sjúkdómum, sýkist lax sé það vegna þess að smit hafi borist frá villtum fiski.

Vistfræðileg áhrif

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er bent á að ekki hafi farið fram úttekt á hugsanlegum afleiðingum stóraukins sjókvíaeldis á álag á búsvæði villtra laxastofna.

Í umsögn veiðimálastjóra er bent á að ef lax sleppur úr fyrirhuguðu eldi gætu áhrif þess á nærliggjandi ár verið vistfræðileg og nauðsynlegt sé að meta slík áhrif áður en eldið er heimilað. Mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis við Brimnes eigi ótvírætt að fara fram. Ljóst sé að einhver hluti þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar teljast, a.m.k. vegna vistfræðilegra áhrifa, fáist ekki með hefðbundnu mati á umhverfisáhrifum og því gæti verið nauðsynlegt að framkvæma verklegt umhverfismat í tengslum við tilraunaeldi í smáum stíl í Eyjafirði. Nauðsynlegt sé að skoða hvort hægt sé að gera eina sameiginlega tilraun fyrir allt kvíaeldi í Eyjafirði og er í því sambandi bent á sjókvíaeldi sem þegar er starfandi hjá Víkurlaxi í Eyjafirði.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum kemur fram að þegar Fnjóská var upp á sitt besta hafi hún verið talin besta bleikjuveiðiá í heiminum og lax hafi ekki verið í

ánni. Um 1960 hafi verið byggður laxastigi í ánni við Dalsmynni og sleppingar laxaseiða hafist ásamt í flestum ám á Eyjafjarðarsvæðinu. Að Fnjóská einni undanskilinni heppnuðust ekki þessar fyrirætlanir einfaldlega vegna þess að vistkerfi viðkomandi áa var ekki lífvænlegt fyrir lax. Draga megi þá ályktun að eldislax muni enn síður geta fjölgað sér við þessi skilyrði í viðkomandi ám.

Mengun frá lífrænum úrgangi og áhrif á lífríki Eyjafjarðar

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er bent á að við framleiðslu á 4 þús. tonnum af laxi á ári fari töluvert magn af lífrænum úrgangi út í umhverfið, sem fódurleifar, saur og þvag. Þessi auðgun gæti valdið breytingum á tegundasamsetningu gróðurs og smádyralífs í nágrenni kvía. Vegna góðrar staðsetningar á kvíum í firðinum með tilliti til straums megi reikna með mikilli dreifingu og þynningu næringarefna þó að ekki sé hægt að útiloka staðbundna uppsöfnun fódurleifa undir kvíum sem geti valdið súrefnisskorti í botnseti. Mælingar bendi til að stóran hluta ársins sé engin lagskipting í firðinum og því nái súrefnisríkur sjór að berast niður á botn og koma í veg fyrir súrefnisskort í sjálfum vatnsmassanum. Telja verði hverfandi líkur á því að lífrænn úrgangur frá stöðinni komi til með að valda víðtækum skaða á lífríki fjarðarins.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar kemur fram að mjög litlar líkur séu á að fyrirhugað eldi muni skaða villta nytjastofna í sjó. Það er ennfremur niðurstaða Hafrannsóknastofnunarinnar að lífríki Eyjafjarðar virðist lítil hætta stafa af fyrirhuguðu laxeldi og því sé ekki ástæða til að það fari í mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að stofnunin telji mestar líkur á því að skilgreina megi svæðið sem síður viðkvæmt í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp. Ennfremur að ef upp komi staðbundin vandamál vegna næringarsalta og lífræns úrgangs eigi að vera hægt að færa kvíar um set og því sé jafnan ekki um óafturkræf áhrif að ræða. Hollustuvernd hafi ekki gert kröfur um að fram fari mat á umhverfisáhrifum kvíaeldis á svæðum sem skilgreina megi sem síður viðkvæm. Hinsvegar þurfi að skoða málið nánar þegar framkvæmdin kunni að rekast á hagsmuni sambærilegrar starfsemi eða annarrar mengandi starfsemi.

Áhrif á aðra landnotkun

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er bent á að strandeldi á lúðu sé stundað á Hjalteyri í um 11 km fjarlægð og á Dalvík í um 10 km fjarlægð frá fyrirhuguðu eldi við Brimnes. Vegna fjarlægðar og þynningaráhrifa verði að teljast litlar líkur á smiti milli umræddra fiskeldisstöðva. Það er ennfremur niðurstaða Hafrannsóknastofnunarinnar að starfsemi annarra fyrirtækja virðist lítil hætta stafa af fyrirhuguðu laxeldi og því sé ekki ástæða til að það fari í mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn veiðimálastjóra er bent á að á svæðinu séu einnig aðrir hagsmunir í fiskeldismálum, sem nauðsynlegt sé að taka tillit til við slíkar leyfisveitingar. Fiskeldi Eyjafjarðar hafi byggt upp seiðaeldisstöð fyrir lúðueldi á Hjalteyri og klakfiskastöð á Dalvík, sem séu í u.þ.b. 10 km fjarlægð frá fyrirhuguðum eldisstað. Fyrirtækið hafi lagt verulega fjármuni í rannsókn- og þróunarstarf og sé orðið leiðandi í þessari starfsemi á heimsvísu og flytji út seiði til margra landa. Slíkar innflutningsheimildir til annarra landa séu einungis veittar vegna góðs sjúkdómaástands í eldisstöðvum

félagsins og í næsta nágrenni þeirra. Ef vart yrði við alvarlegan sjúkdóm í nærliggjandi eldisstöðvum, þótt ekki væri um lúðveldi að ræða, gæti slíkt haft veruleg áhrif á innflutningsheimildir til annarra landa, þótt ekki hefði orðið vart við sjúkdóm í lúðveldinu. Þennan þátt þurfi að meta rækilega áður en stórfellt laxeldi verði heimilað í Eyjafirði. Mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis við Brimnes eigi ótvírætt að fara fram.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er tekið fram að atriði sem varði beint starfsvið stofnunarinnar séu úrgangsmýndun, mengun og ónæði og minnir á að hún sé starfsleyfisveitandi vegna starfseminnar. Hollustuvernd vekur athygli á því að stofnunin þurfi að hafa upplýsingar varðandi gagnkvæm áhrif við nálæga starfsemi þegar komi að starfsleyfisvinnslu. Nálæg starfsemi sem stofnuninni sé kunnugt um sé önnur fiskeldisstarfsemi. Hollustuvernd telur eðlilegt að AGVA Norðurland ehf. leggi fram gögn sem sýni að staðsetning stöðvarinnar hafi ekki áhrif á eða leggi takmarkandi byrðar á aðrar fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu sem taka þurfi tillit til við gerð starfsleyfis. Hollustuvernd vísar því til AGVA Norðurland ehf. að fjalla um þessa þætti á þann hátt sem Skipulagsstofnun þyki fullnægjandi svo hagsmuna annarra sé gætt og einnig til þess að skipulagsleg niðurstaða fái um þessi atriði áður en til starfsleyfisvinnslu kemur.

Í svörum framkvæmdaraðila við umsögnum er bent á að ef alvarlegur sjúkdómur komi upp í kvíaeldi við Íslandi skipti ekki mál hvort það sé í Eyjafirði, Mjóafirði eða Stakksfirði. Íslenskt fiskeldi myndi í heild sinni fá viðkomandi sjúkdómsstimpil gagnvart erlendum þjóðum.

Sammögnuð áhrif

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er bent á að sérstaklega þurfi að skoða sammögnunaráhrif sjókvíaeldis í Eyjafirði og víðar á landinu en algjört stefnuleysi virðist ríkja í notkun á norskum eldislaxi og sjókvíaeldi almennt.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er vakin athygli á nauðsyn þess að gerð verði heildstæð úttekt og stefna mörkuð varðandi kvíaeldi í fjörðum landsins, þar sem sérstaklega verði tekið tillit hugsanlegra áhrifa erfðablöndunar eldislax við villtan lax.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að mat á umhverfisáhrifum sé hvorki skynsamleg né nauðsynleg lausn á umræddum vandamálum, þ.e. hugsanlegri dreifingu sjúkdóma og tengslum erfðablöndunar í villtum laxastofnum við umfang eldis. Nauðsynlegt sé að marka stefnu varðandi kvíaeldi í útvöldum fjörðum landsins, hefja eldi undir ströngu eftirliti og gera heildstæða úttekt á stroki laxa, sjúkdómum, mengun, laxalús o.s. frv. miðað við raunverulegar aðstæður kvíaeldis í rekstri.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

AGVA Norðurland ehf. hefur tilkynnt til ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugað sjókvíaeldi austur af Brimnesi, Dalvíkurbyggð, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Um er að ræða eldi á tæplega 4 þús. tonnum af eldisfiski á ári og fellur framkvæmdin undir lið 1. g. í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum.

Við umfjöllun málsins hafa komið fram rökstuddar ábendingar um að stærð, staðsetning og eðli fyrirhugaðs sjókvíaeldis í Eyjafirði og hugsanleg áhrif þess kalli á að gerð sé ítarleg grein fyrir mögulegri hættu á erfðablöndun, áhrifum á vistkerfi og nýtingu laxa- og silungstofna í nærliggjandi ám og áhrifum af völdum sjúkdóma og sníkjudýra frá starfseminni. Einnig hefur verið bent á að gera þurfi ótvíræða grein fyrir hvort og þá hvernig samspil þessarar framkvæmdar og starfsemi verði við aðra landnotkun sem hafin er á svæðinu eða er í undirbúningi, s.s. lúðveldi og annað sjókvíaeldi í Eyjafirði og aðra mengandi og starfsleyfissskylda starfsemi. Þar er vísað til þess hvort framkvæmdin setji annarri starfsemi á svæðinu takmarkanir, s.s. vegna sjúkdóma eða úrgangsmyndunar og eins hvort um geti verið að ræða sammögnuð áhrif ólíkra framkvæmda á svæðinu. Skipulagsstofnun minnir á að í Eyjafjörð rennur fráveita frá Akureyri, öðrum þéttbýlisstöðum við fjörðinn og frá landbúnaði auk þess sem þar er áformuð uppbygging stóriðju skv. Aðalskipulagi Arnarneshrepps.

Í umfjöllun Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum sjókvíaeldis á laxi af norskum uppruna hefur ítrekað verið bent á takmarkaðar upplýsingar og reynslu af áhrifum þess að lax sleppi úr kvíum á búsvæði, sjúkdóma, sníkjudýr og erfðablöndun í villtum laxa- og silungastofnum. Veiðimálastjóri og Hafrannsóknastofnunin hafa bent á mikilvægi þess að fylgjast náið með þessum þáttum í tilraunaeldi og með vöktun. Bent hefur verið á nauðsyn þess að heildstæð úttekt og stefnumörkun af hálfu stjórnvalda um sjókvíaeldi liggi fyrir, þar sem m.a. sé tekin afstaða til staðarvals og tekið tillit til hugsanlegrar erfðablöndunar eldislax við villtan lax. Skipulagsstofnun telur að varúðarsjónarmið hljóti að vega þungt þegar álitamál eru uppi um áhrif framkvæmdar eins og sjókvíaeldis í Eyjafirði á umhverfið og starfsemi sem fyrir er á svæðinu.

Mati á umhverfisáhrifum er meðal annars ætlað að tryggja að þar sem líkur eru taldar á að framkvæmd geti haft í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif séu tekin saman gögn um fyrirhugaða framkvæmd, framkvæmdasvæði og áhrifasvæði framkvæmdar og lýst væntanlegum umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar með samanburði kosta og/eða umfjöllun um sammögnuð áhrif þegar við á. Mati á umhverfisáhrifum er einnig ætlað að tryggja fullnægjandi kynningu og samráð við undirbúning ákvarðana um framkvæmdir sem kunna að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Mati á umhverfisáhrifum er síðan ætlað að leiða í ljós þær forsendur og skilyrði sem leyfi til framkvæmda þurfa að byggja á svo tryggja megi að framkvæmdir muni ekki hafa í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif.

Varðandi skipulagslegar ákvarðanir og skipulagslega málsmeðferð fyrirhugaðs sjókvíaeldis vekur Skipulagsstofnun athygli á því að þar sem framkvæmdin er fyrirhuguð utan netlaga er hún hvorki háð skipulagsákvörðunum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum né framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar, sbr. erindi félagsmálaráðuneytis til umhverfisráðuneytis dags. 19. október 2000. Sveitarstjórn getur því ekki tekið á ásynð framkvæmdarinnar eða samspili hennar við aðra landnotkun á svæðinu í skipulagsáætlun eða framkvæmdaleyfi, né heldur er þá tryggð opinber kynning á framkvæmdaáformunum samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið

yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila um fyrirhugað sjókvíaeldi á laxi í Eyjafirði. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og þeim umsögnum sem Skipulagsstofnun hafa borist við afgreiðslu málsins er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum vegna eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar. Með vísan til 3. viðauka með lögum um mat á umhverfisáhrifum varðar það sérstaklega stærð og umfang framkvæmdarinnar, sammögnunaráhrif hennar með öðrum framkvæmdum, úrgangsmýndun, slyshættu ef kvíar rifna, áhrif á aðra landnotkun, áhrif á kjörlendi laxa, umfang umhverfisáhrifa, fjölbreytileika áhrifa, tímalengd og óafturkræfi áhrifa og sammögnun áhrifa á tilteknu svæði.

Samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. janúar 2001.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Dalvíkurbyggð, Hafrannsóknastofnunin, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóri.